

## Fréttatilkynning


**Efni:** Könnun MMR á trausti almennings til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla.  
**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára  
**Dagsetning:** 15. maí 2009

### Fréttastofa RÚV nýtur mests trausts meðal almennings Morgunblaðið og mbl.is njóta trausts ríflega 50% svarenda Aðrir fjölmiðlar njóta mikils trausts meðal þriðjungs svarenda eða færri

Um 70% aðspurðra segjast bera mikið traust til fréttastofu RÚV. Þetta eru nærri tvöfalt fleiri en segjast bera mikið traust til fréttastofu Stöðvar 2 (36,4%). Morgunblaðið er enn sem fyrr það dagblað sem nýtur mests trausts meðal svarenda, en 51,7% þeirra segjast nú bera mikið traust til blaðsins sem eru 17,4 prósentustigum fleiri en segjast bera mikið traust til Fréttablaðsins (34,3%). Meðal netfréttamiðla nýtur Mbl.is mests trausts, en 54,3% segjast bera mikið traust til Mbl.is, sem eru ríflega tvöfalt fleiri en þeir sem segjast bera mikið traust til Visir.is (24,4%).

#### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



\* Á myndinni er til samanburðar sýnd mæling á trausti til fjölmiðla almennt úr sömu könnun.

Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru: Mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 98,6% afstöðu til spurningarinnar.


## Dregur úr trausti á fjölmiðlum

Nokkrar breytingar mælast á trausti svarenda til fjölmiðlanna milli kannana. Í könnuninni var spurt um traust til „fjölmiðla“ í heild. Þar kom fram að 14,9% segjast bera mikið traust til fjölmiðlanna almennt. Þetta eru nokkuð færri en sögðust bera mikið traust til fjölmiðlanna í könnun sama efnis í byrjun desember 2008 þegar 22,9% sögðust bera mikið traust til fjölmiðlanna. Á sama tímabili hefur fjöldi þeirra sem segist bera lítið traust til fjölmiðlanna aukist úr 31,0% í 44,1%.

Sé lítið til einstakra fjölmiðla í samanburði við síðustu mælingu (í lok desember 2008) má sjá að færri segjast nú bera mikið traust til allra fjölmiðlanna nema ef til vill Eyjunnar, Viðskiptablaðsins og DV sem ýmist standa í stað eða hækka lítillaga. Hlutfallslega mesta breytingin milli kannana mælist á fjölda þeirra sem segjast bera mikið traust til Stöðvar 2, en um fjórðungi færri segjast bera mikið traust til hennar nú en var í síðustu könnun (minnkar um 12,3 prósentustig - úr 48,7% í 36,4%). Þetta er álíka breyting hvað fjölda svarenda áhrærir og mældist hjá Morgunblaðinu og Fréttastofu RÚV (sem ríflega 12% færri segjast nú bera mikið traust til en gerðu í síðustu könnun).


### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið“ milli kannana-



### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ milli kannana-



**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR\*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 845 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 7.-14. maí 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

\* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.